

## FRAMHALDSSKÓLASÝNINGAR Á HAUSTÖNN 2015



Í boði er kvikmyndafræðsla á mánudögum í nokkrar vikur á haustönn 2015. Verkefnisstjóri er Oddný Sen, kvikmyndafræðingur, oddnysen@gmail.com. Sýningarar eru á mánudögum klukkan 14:15 í Bío Paradís.

Eftirtaldar kvikmyndir eiga það sameiginlegt að hafa markað djúp spor í kvikmyndasöguna og valdið straumhvörfum í kvikmyndagerð. Í þeim endurspeglast ferskt myndmál og frásagnaraðferð þar sem finna má vísanir í ótal áttir. Hjá engri þeirra verður komist, en þær hafa alþjóðlega gæðastimpla, eru frá ýmsum þjóðlöndum og eru lykilkvikmyndir sem hafa skapað sér sess innan kvikmyndasögunnar. Nemendur fá að njóta þeirra í sýningarsal í kvikmyndahúsi. Athygli er vakin á því að hægt er að nota myndirnar við tungumálakennslu.

Á undan hverri sýningu er haldinn fyrirlestur til að auðvelda áhorfendum að greina kvikmyndina ásamt hugmyndum að ritgerðum. Leitast verður við að skoða margvísleg temu eins og úrvinnslu tilfinninga, félagsleg tengsl, samfélagsleg tengsl, einelti, listsköpun, tengsl nútíma kvikmynda við kvikmyndasöguna, stjórnsmál, mannréttindi, svo fátt eitt sé nefnt.

Sýningarar eru kennurum og nemendum að kostnaðarlausu en þeir verða sjálfir að standa straum af ferðum til kvikmyndahússins. Vinsamlega sendið verkefnastjóra tölvupóst ef þið hafið áhuga á að koma á sýningu og tilgreinið hvaða sýningu þið viljið sækja og hvað mörg sæti fyrir nemendur og hve mörg fyrir kennara / aðra starfsmenn. Ef breytingar verða á þátttöku vinsamlegast látið verkefnisstjóra vita í tíma.

[oddnysen@gmail.com](mailto:oddnysen@gmail.com)

*MÁNUDAGUR 7. SEPTEMBER KL. 14:15*

*DER HIMMEL ÜBER BERLIN*

*MÁNUDAGUR 14. SEPTEMBER KL. 14:15*

*THE SEARCHERS*

*MÁNUDAGUR 21. SEPTEMBER KL. 14:15*

*THE DOORS*

*MÁNUDAGUR 28. SEPTEMBER KL. 14:15*

*REAR WINDOW*

*MÁNUDAGUR 5. OKTÓBER KL. 14:15*

*THE BIG SLEEP*

*MÁNUDAGUR 12. OKTÓBER KL. 14:15*

*LA PIANISTE*

*MÁNUDAGUR 19. OKTÓBER KL. 14:15*

*KILL BILL VOLUME 1*

*VETRARFRÍ*

*MÁNUDAGUR 2. NÓVEMBER KL. 14:15*

*BLUE VELVET*

*MÁNUDAGUR 9. NÓVEMBER KL. 14:15*

*THE SHINING*

*MÁNUDAGUR 16. NÓVEMBER KL. 14:15*

*ORDET*

*MÁNUDAGUR 23. NÓVEMBER KL. 14:15*

*MEDEA*

*MÁNUDAGUR 30. NÓVEMBER KL. 14:15*

*RAISE THE RED LANTERN*

*MÁNUDAGUR 7. DESEMBER KL. 14:15*

*LE MÉPRIS*

MÁNUDAGUR 7. SEPTEMBER KL. 14:15

DER HIMMEL ÜBER BERLIN

HIMINN YFIR BERLÍN



**TEGUND OG ÁR/Leikin mynd, drama, 1987/LENGD: 128 MIN /LAND: ÞÝSKALAND / LEIKSTJÓRI: Wim Wenders/ AÐALHLUTVERK: Bruno Ganz, Solveig dommartin, Otto Sander**

Himinn yfir Berlín segir frá engli (Bruno Ganz) sem fer um Berlín til að hugga hina lifandi. Hann verður ástfanginn af loftfimleikakonu (Solveig Dommartin) og þráir að verða jarðneskur. Myndin er talin til bestu verka Wim Wenders en hann hlaut alþjóðlega viðurkenningu fyrir myndina og leikstjórnarverðlaun í Cannes.

Wim Wenders er einn af athyglisverðustu leikstjórum þýsku nýbylgjunnar, sem spratt upp á síðari hluta sjöunda áratugarins eftir langvarandi lögð sem orsakaðist af niðurlægingu Þýskalands eftirstríðsáranna. Meginhugmyndir þýska nýbylgjuskólans voru sjálfsrýni í sköpun sem nokkurs konar andsvar við heildarhyggju '68-kynslóðarinnar. Helstu leikstjórar þýsku nýbylgjunnar eru Rainer Werner Fassbinder, Volker Schlöndorffs, Margarethe Von Trotta og Wim Wender.

MÁNUDAGUR 14. SEPTEMBER KL. 14:15

THE SEARCHERS

Í ÓVINAHÖNDUM



**TEGUND OG ÁR/Vestri, 1956/LENGD: 119 MIN /LAND: BANDARÍKIN /  
LEIKSTJÓRI: John Ford/ÁDALHLUTVERK: John Wayne, Jeffrey Hunter, Harry  
Cary Jr, Natalie Wood, Vera Miles.**

The Searchers segir frá uppgjafa hermanni úr borgarastríðinu, Ethan Edwards (John Wayne) sem snýr heim og sest að hjá bróður sínum í Texas. Þegar Comanche-indíánar gera árás, ræna þeir Debbie, frænku Ethan. Hann leggur því af stað til að leita hennar og fær með sér frænda sinn, Martin, (Jeffrey Hunter) sem er með indíánablóð í æðum. Á langri leið koma margvíslegar tilfinningar upp á yfirborðið og Martin er ekki lengur viss um hvort Ethan ætli að bjarga Debbie eða drepa hana.

Myndin telst til bestu vestra sem gerðir hafa verið og hefur fengið margar alþjóðlegar viðurkenningar. Hún á að gerast í Texas, en var tekin í Monument Valley í Utah og skartar stórkostlegum landslagsatriðum.

MÁNUDAGUR 21. SEPTEMBER KL. 14:15

## THE DOORS



**TEGUND OG ÁR/Tónlistarmynd, æviágrip, 1991/LENGD: 130 MIN /LAND: BANDARÍKIN / LEIKSTJÓRI: Oliver Stone/AÐALHLUTVERK: Val Kilmer, Meg Ryan, Kyle MacLachlan, Frank Whaley.**

Myndin fjallar um Jim Morrison, söngvara tónlistarsveitarinnar The Doors, sem var með vinsælli hljómsveitum á sjöunda áratugnum. Morrison stundaði nám í bókmenntafræði og kvikmyndagerð við háskólann í Los Angeles, UCLA. Hann heillaðist af ljóðum frönsku sýmbólistanna eins og Rimbaud og Baudelaire og eru mörg af lögum hans og ljóðum undir miklum áhrifum af skáldskap þeirra. Nafnið á hljómsveitinni The Doors er vísun í bók Aldous Huxley The Doors of Perception og vísar jafnframt til þess að ljúka upp dyrum vitundarinnar með vitundarvíkkandi lyfjum.

Oliver Stone er bæði áhrifamikill og umdeildur leikstjóri sem hefur gert kvikmyndir um hitamál líðandi stundar og forseta Bandaríkjanna eins og John F. Kennedy og Richard Nixon og Víetnamstríðið. Myndir hans einkennast af persónulegri nálgun og sérstöku myndmáli þar sem hann blandar saman ólíkum stílbrögðum.

MÁNUDAGUR 28. SEPTEMBER KL. 14:15

REAR WINDOW

GLUGGINN Á BAKHLIÐINNI



**TEGUND OG ÁR/Leikin mynd, spennutryllir, 1954/LENGD: 112 MIN /LAND: BANDARÍKIN / LEIKSTJÓRI: Alfred Hitchcock/AÐALHLUTVERK: James Stewart, Grace Kelly, Thelma Ritter, Raymond Burr.**

Rear Window segir frá stríðsljósmyndaranum L.B. Jeffries (James Stewart) sem fótbrotnar við áhættumyndatöku og neyðist til að halda kyrru fyrir í íbúð sinni í New York. Þar sem honum leiðist, gerir hann lítið annað en að horfa út um gluggann og fylgjast með nágrönnum sínum með sjónaukum og aðdráttarlinsum. Brátt fær hann ástæðu til að halda að morð hafi verið framið í einni af íbúðinni á móti og fær kærastu sína, tískufyrirsætuna Lisa Fremont (Grace Kelly) til að hjálpa sér að njósna.

Hér er á ferðinni ein af bestu kvikmyndum Hitchcock. Glugginn á bakhliðinni er sett upp eins og leikrit og íbúðir nágrannanna er sviðsmyndin. Í hverjum glugga endurspeglast tilfinningar Jeffries; ótti við skuldbindingu þegar hann sér nýgift hjón flytja inn, hrifning á fögrum kroppi ballettdansmeyjar og ótti við einmanaleikann, svo eitthvað sé nefnt.

MÁNUDAGUR 9. OKTÓBER KL. 14:15

THE BIG SLEEP

SVEFNINN LANGI



**TEGUND OG ÁR/Rökkurmynd, 1946/LENGD: 114 MIN /LAND: BANDARÍKIN / LEIKSTJÓRI: Howard Hawkes/AÐALHLUTVERK: Humphrey Bogart, Lauren Bacall, John Ridgley.**

Einkaspæjarinn Philip Marlowe tekur að sér verkefni fyrir eldri mann, Sternwood hershöfðingja, sem á tvær dætur. Þær eru báðar flæktar í mál sem þola ekki dagsljósið, fjárkúgun og morð. Marlowe kynnist eldri dóttur Sternwood, Vivian (Lauren Bacall) og þau verða ástfangin. Eftir því sem rannsóknin dregst á langinn verður málið hættulegra, en Marlowe neitar að gefast upp.

Myndin er með frægustu rökkurmyndum (film noir) sem hafa verið gerðar, en sú tegund kvikmynda leit dagsins ljós í Bandaríkjunum á fimmta áratugnum. Margar þessara kvikmynda voru byggðar á leynilögreglusögum eftir Dashiell Hammett, Raymond Chandler og Patriciu Highsmith en Frakkar dáðust mikið að þessum höfundum og voru verk þeirra þýdd og gefin út í bókaflökki sem var kölluð Svarta serían. Heitið Film noir, sem í bókstafsmerkingu þýðir "svartar myndir", er því dregið af nafni þessa bókaflökks og jafnframt vegna hinna frægu rökkuratriða sem einkenna þessar kvikmyndir.



MÁNUDAGUR 12. OKTÓBER KL. 14:15

LA PIANISTE

PÍANÓLEIKARINN



**TEGUND OG ÁR/Leikin mynd, drama, 2001/LENGD: 131 MIN /LAND: AUSTURRÍKI, FRAKKLAND/ LEIKSTJÓRI: Michael Haneke/AÐALHLUTVERK: Isabelle Huppert, Annie Giradot, Benoît Magimel**

Píanóleikarinn segir frá Eriku Kohut (Isabelle Huppert), píanóleikara sem býr með afskiptasamri og stjórnsamri móður sinni (Annie Giradot) og kennir píanóleik við tónlistarskólann í Vín. Erika er afar ströng við nemendur sína en sjálf berst hún við andleg veikindi, sjálfseyðingarhvöt og kynferðislega bælingu sem brýst út í ýmsum myndum. Þegar einn af nemendum hennar (Benoit Magimel) óskar eftir nánum kynnum, sjáum við enn frekar inn í sérkennilegan heim Eriku.

Myndin hefur hlotið mörg verðlaun og auk Gullpálmans í Cannes fengu Isabelle Huppert og Benoît Magimel verðlaun fyrir besta leik í aðalhlutverki. Isabelle Huppert fékk jafnframt kvikmyndaverðlaun Evrópu fyrir leik sinn.

Leikstjórinn Michael Haneke er austurrískur og hefur mikla reynslu af leikhús- og kvikmyndagerð í Evrópu.

MÁNUDAGUR 19. OKTÓBER KL. 14:15

KILL BILL VOLUME 1



**TEGUND OG ÁR/Hasarmynd, spennumynd, drama, 2003/LENGD: 111 MIN /LAND: BANDARÍKIN / LEIKSTJÓRI: Quentin Tarantino/ADALHLUTVERK: Uma Thurman, Lucy Liu, Vivica A. Fox, Darryl Hannah, Sonny Chiba**

Kill Bill myndirnar fjalla um Beatrix Kiddo, sem er fyrrverandi meðlimur glæpagengis og dauðasveitar. Hún reyndi að flýja og var þá orðin ólétt eftir höfuðpaurinn Bill (David Carradine), sem skaut hana í höfuðið með þeim afleiðingum að hún féll í dá. Þegar Beatrix vaknar úr dáinu fjórum árum síðar, ákveður hún að leita hefnda.

Eins og oft í myndum Tarantino er frásögnin ekki í tímaröð, samræðurnar eiga ekki við það sem er að gerast og ofbeldisatriðin eru skondin frekar en að vera með raunverulegum blæ. Kill Bill myndirnar eru fantasíumyndir þar sem sjá má sterk áhrif vestra, hasarmynda og austurlenskra mynda. Tarantino leikur sér með staðalímyndir og brýtur þær upp í leiðinni, en kvenhetjurnar eru bæði umdeildar og óvenjulegar.

MÁNUDAGUR 2. NÓVEMBER KL. 14:15

BLUE VELVET

BLÁTT FLAUEL



**TEGUND OG ÁR/Spennutryllir, ráðgáta, 1986/LENGD: 120 MIN /LAND: BANDARÍKIN / LEIKSTJÓRI: David Lynch/AÐALHLUTVERK: Isabella Rossellini, Kyle MachLachlan, Dennis Hopper, Laura Dern.**

Blue Velvet festi David Lynch í sessi sem einan af virtustu kvikmyndaleikstjórum samtímans. Myndin segir frá ungum manni að nafni Jeffrey (Kyle Maclachlan) sem snýr aftur til heimabæjar síns til að sjá um verslun föður síns á meðan hann er á sjúkrahúsi. Þegar hann finnur afskorið eyra skammt frá heimilinu, uppgötvar hann að ekki er allt með felldu. Myndin var tilnefnd til Óskarsverðlauna og þykir með bestu myndum Lynch.

Kvikmyndir David Lynch einkennast af því sem hefur verið kallað "Nýjar bandarískar goðsagnir" en í myndum Lynch má finna beinar vísanir í goðsagnir og frásagnir úr bandarísku þjóðlífi, hvort sem þær gerast í smábæ eða í Hollywood. Mikið er um þjóðvegi, úthverfi, kúreka, matstofur, sápuóperur og sjónvörp. Kjarninn í myndunum er samheldni smábæjarfólks, galdrar og goðsagnir en undir kraumar ofbeldi, hryllingur og alls kyns óeðli. Lynch kannar þessar þverstæður í gegnum persónusköpunina þar sem mörk draums og veruleika eru oft á tíðum óskýr. Venjuleg miðstéttarheimili tákna ekki öryggt athvarf þar sem þau breytast í veröld undirmeðvitundarinnar þar sem ótti og ímyndun ráða ríkjum.

MÁNUDAGUR 9. NÓVEMBER KL. 14:15

THE SHINING

DULD



**TEGUND OG ÁR/Leikin mynd, hrollvekja, 1980/LENGD: 146 MIN /LAND: BANDARÍKIN / LEIKSTJÓRI: Stanley Kubrick/AÐALHLUTVERK: Jack Nicholson, Shelley Duvall, Danny Lloyd.**

Jack Torrance (Jack Nicholson) er fyrrverandi kennari og rithöfundur sem ákveður að gerast húsvörður á hóteli yfir vetur. Hann ætlar að skrifa bók, sem honum hefur gengið illa með og ekki batnar það við komuna á hótelið. Sonur hans, Danny, (Danny Lloyd) hefur yfirnáttúrulega hæfileika sem kallast "Shining". Í ljós kemur að hótelið á sér óhugnanlega sögu og brátt fara dularafullir atburðir að gerast.

Kvikmyndir Stanley Kubrick hafa markað tímamót í kvikmyndasögunni, en á meðal þekktustu mynda hans eru Dr. Strangelove, 2001: A Space Odyssey og A Clockwork Orange. The Shining er ekki aðeins hrollvekja, heldur klassískt meistaraverk sem hefur haft mikil áhrif á kvikmyndagerð nútímans.

MÁNUDAGUR 16. NÓVEMBER KL. 14:15

ORDET

ORÐIÐ



**TEGUND OG ÁR/Leikin mynd, drama, 1955/LENGD: 125 MIN /LAND: DANMÖRK / LEIKSTJÓRI: Carl Th. Dreyer/AÐALHLUTVERK: Henrik Malberg, Emil Hass Christensen, Preben Lerdorff Rye.**

Carl Th. Dreyer (1889-1968) telst vafalítið til merkustu kvikmyndagerðarmanna í heiminum og myndir hans hafa haft víðtæk áhrif á listræna sköpun innan kvikmyndasögunnar. Ásamt Robert Bresson og Yasajiro Ozu er hann frumkvöðull "transcendental cinema" sem hefur verið þýtt sem óræð nálgun í kvikmyndagerð eða handanveruleiki. Dreyer fór nýjar leiðir til að nálgast viðfangsefnið og fanga það á filmu, auk þess sem hann lagði mikla áherslu á fagurfræðileg vinnubrögð og háspekileg umfjöllunarefni.

Myndin er gerð eftir leikriti Kaj Munk og fjallar um erfið fjölskyldutengsl. Eins og oft í myndum Dreyer er kvenhetjan gædd óbilandi festu og kærleik og fús til að leysa nánast óleysanlegan ágreining innan fjölskyldunnar. Þar er einnig tekist á við sjálfa upprisuna í einu af sérstæðasta lokaatriði kvikmyndanna.

MÁNUDAGUR 23. NÓVEMBER KL. 14:15

MEDEA



**TEGUND OG ÁR/Leikin mynd, drama, 1988/LENGD: 76 MIN /LAND: DANMÖRK / LEIKSTJÓRI: Lars Von Trier/AÐALHLUTVERK: Udo Kier, Kristen Olesen, Henning Jensen.**

Carl Th. Dreyers skrifaði handrit að kvikmyndinni Medeu eftir leikriti Evripídes, en entist ekki aldur til að ljúka henni og varð hún ekki að kvikmynd fyrr en samlandi og aðdáandi Dreyers, Lars Von Trier, gerði hana fyrir danska sjónvarpið árið 1988.

“Medea eftir harmleik Evripídesar, var byggð á handriti meistarans Carl Th. Dreyer sem hann hafði skrifað á sjöunda áratugnum en aldrei lánast að fjármagna. Skemmst er frá því að segja að hún hafði sterk áhrif á mig og er satt að segja sú mynda von Triers sem ég held mest uppá enn í dag. Sagan er sett fram með afar spartönskum hætti, myndmálið er expressionískt í anda eldri mynda Dreyers og áferðin er kapítuli útaf fyrir sig. Von Trier mun hafa myndað hana upphaflega á U-matic, hið gleymda trekvart tommu vídeóformat, en síðan fært hana á filmu með því að filma hana beint af sjónvarpsskjá (segir sagan). Útkoman er afar sérstök, draumkennd og loðin. Þá var og eftirminnilegt að von Trier lætur leikarana hvíslast á mest allan tímann, alveg óháð fjarlægðinni milli þeirra...” (Ásgrímur Sverrisson)

MÁNUDAGUR 30. NÓVEMBER KL. 14:15

RAISE THE RED LANTERN

RAUÐI LAMPINN



**TEGUND OG ÁR/Leikin mynd,drama 1991/LENGD: 125 MIN /LAND: KÍNA/  
LEIKSTJÓRI: Zhang Yimou /AÐALHLUTVERK: Gong Li, Jingwu Ma, Saife He.**

Rauði lampinn er frá árinu 1991, tveimur árum eftir blóðbaðið á Torgi hins himneska friðar þegar stúdentar sem voru að mótmæla voru brytjaðir niður af kínverskum stjórnvöldum. Hún gerist á þriðja áratug 20. aldar og er byggð á skáldsögunni “Wives and Concubines” .

Í myndinni segir frá ungri stúlku, Songlian (Gong Li), sem var upphaflega í háskólanámi, en þegar faðir hennar deyr gjaldþrota, gerist hún fjórða eiginkona auðugs manns og sest að í aldagömlu virki fjölskyldu hans. Þar eru íbúðir fyrir hverja eiginkonu sem allar hafa sína einkaþernu. Þegar húsbóndinn óskar eftir að gista hjá einni af eiginkonunum er rauður lampi tendraður fyrir framan dyrnar að íbúð hennar. Það er ein af mörgum ströngum reglum sem eru hafðar í heiðri í virkinu.

Zhang Yimou er af svokallaðri Fimmtu kynslóð kvikmyndagerðarmanna í Kína, en hann útskrifaðist úr kvikmyndaháskóla Beijing 1982. Myndir hans hafa vakið alþjóðlega athygli en jafnframt ögrað kínverskum stjórnvöldum þótt ádeilan sé undir rós.

MÁNUDAGUR 7. DESEMBER KL. 14:15

LE MÉPRIS

FYRIRLITNINGIN



**TEGUND OG ÁR/Leikin mynd, drama, 1963/LENGD: 102 MIN /LAND: FRAKKLAND / LEIKSTJÓRI: Jean-Luc Godard/AÐALHLUTVERK: Brigitte Bardot, Michel Piccoli, Bruno Putzulu, Fritz Lang.**

Le Mépris fjallar um handritshöfundinn Paul Javal (Michel Piccoli) sem er að gera handrit að kvikmynd sem kvikmyndaleikstjórinn Fritz Lang á að leikstýra á Ítalíu. Eiginkona hans, Camille (Brigitte Bardot) er með í för og brátt verða átök á milli hjónanna.

Franska nýbylgjan er ein stærsta bylting kvikmyndasögunnar þar sem heimsáhrifa fór að gæta í kvikmyndum, höfundarleikstjórar voru uppgötvaðir og kvikmyndagerð breytt með róttækum aðferðum. Flestir miða upphaf frönsku nýbylgjunnar við árið 1960 þegar Jean-Luc Godard kom með mynd sína, A bout de souffle (Breathless), en handritshöfundur myndarinnar var annar forsprakki hreyfingarinnar, François Truffaut sem er þekktastur fyrir Les quatre cent coups og Jules et Jim.

Forsprakkar nýbylgjunnar höfðust við á franska kvikmyndasafninu og skoðuðu allar myndir sem þeir komust yfir. auk þess sem konurnar í hópi þeirra komu fram á sjónarsviðið með reynsluheim kvenna og feminíska kvikmyndagerð. Þessi mikla



Þekking á kvikmyndasögunni varð til þess að ýmsir kvikmyndaleikstjórar, höfundar og leikarar voru uppgötvaðir að nýju og kvikmyndahátíðirnar urðu til.

## VORÖNN 2016

1. ROSEMARY'S BABY - ROMAN POLANSKI
2. NOSTALGHIA - ANDREI TARKOVSKY
3. KILL BILL VOL. 2 - QUENTIN TARANTINO
4. DIE ANGST ESSEN SEELE AUF - RAINER WERNER FASSBINDER
5. TRUE GRIT - JOEL AND ETHAN COHEN
6. LOLITA - STANLEY KUBRICK
7. M (MURDERER AMONGST US) - FRITZ LANG
8. TOUCH OF EVIL - ORSON WELLES
9. THE SKIN I LIVE IN - PEDRO ALMODOVAR
10. JAGTEN - THOMAS WINTERBERG
11. THE DEER HUNTER - MICHAEL CIMINO
12. CRIES AND WHISPERS - INGMAR BERGMAN
13. JEANNE DIELMAN, 23 QUAI DU COMMERCE - CHANTAL AKERMAN

Oddný Sen tók saman.



BÍÓ ★ PARADÍS  
*Heimilí kvikmyndanna*